

## R E G L U G E R Ð

## Um breytingu á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu

nr. 364/2003.

## 1. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur „50“ í stað „100“, og „2,5“ í stað orðsins „þrisvar“.

## 2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Rekstrarleyfishafi, sem fengið hefur leyfi til að starfrækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu og á hafa verið lagðar kvaðir samkvæmt rekstrarleyfi um að veita alþjónustu á landinu öllu eða á ákveðnu svæði, skal bera út póst alla virka daga til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili nr. 21/1990, með síðari breytingum. Á sama hátt skal bera út póst til fyrirtækja sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði.

Á dreifbýlissvæðum, þar sem kostnaður við dreifingu er þrefaldur eða meiri miðað við samskonar kostnað í þéttbýli, er rekstrarleyfishafa heimilt að fækka dreifingardögum í annan hvern virkan dag. Rekstrarleyfishafi skal senda Póst- og fjarskiptastofnun tilkynningu þessa efnis með rökstuddri greinargerð um kostnað. Stofnunin skal yfirfara og staðreyna útreikninga rekstrarleyfishafa og eftir atvikum hafna eða samþykkja umsókn.

Nú fellst Póst- og fjarskiptastofnun á umsókn rekstrarleyfishafa um fækkun dreifingardaga vegna kostnaðar við dreifingu og skal þá miða við að breytingin komi ekki til framkvæmda fyrr en að liðnum tveimur mánuðum frá ákvörðun stofnunarinnar.

Jafnframt getur rekstrarleyfishafi sent Póst- og fjarskiptastofnun rökstudda umsókn um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., ef hann metur kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður þannig að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum landsvæðum. Við mat sitt á umsókninni skal Póst- og fjarskiptastofnun taka tillit til annars vegar mikilvægi pósthjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika við útburð, svo sem vegna fjarlægðar, vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á viðkomandi svæði eða lélegs vegasambands.

Fallist Póst- og fjarskiptastofnun á umsókn rekstrarleyfishafa um fækkun dreifingardaga skal miða við að dreifing fari að jafnaði fram annan hvern virkan dag á viðkomandi svæði eða landpóstaleið.

Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús (frístundahús) eða á svæðum sem teljast til hálandis.

Póstrekanda er heimilt að synja um útburð pósts á heimilisfang ef vart verður við eftirlitslausan hund á viðkomandi lóð sem torvelað getur aðgengi bréfbera að bréfastassa/bréfalúgu.

3. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 11. gr. bætist við eftirfarandi setning:

Rekstrarleyfishafa er heimilt við tæmingu póstkassa að taka mið af fjölda dreifingardaga á viðkomandi svæði, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 13. gr. kemur svofelld málsgrein.

Að lágmarki skal 85 af hundraði pósts í B- flokki borinn út innan þriggja daga (D+3) frá póstlagningu. Krafan miðast við þriggja mánaða tímabil.

5. gr.

16. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Hús í merkingu þessarar greinar tekur til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gilda eftir því sem við á.

Við val á staðsetningu bréfastassa skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

*Þéttbýli:*

Í þéttbýli skal bréfastassi vera staðsettur við eða í húsi.

Þéttbýlisstaður er samfelld byggt svæði sem hefur að lágmarki 200 íbúa og:

a. skýrt gatnakerfi; eða

b. heiti; eða

c. að hámarki 200 metra á milli húsa. Þó geta þar verið undantekningar sökum iðnaðar- og atvinnusvæða, útivistarsvæða, brúaðra áa, bílastæða og annarra samgöngumannvirkja, kirkjugarða, hættusvæða vegna náttúruvár o.s.frv.

Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum bréfastassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26x100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem þar hafa aðsetur. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina

númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um að bréfastassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana. Sama á við um atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfsstöð. Kassasamstæður í fjöleignarhúsi, þ.e. fjölbýlis- eða atvinnuhúsnæði, skulu vera sem næst inngangi á jarðhæð, þannig að bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skilbréfastötsendinga. Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjöleignarhúsa.

Um skyldu viðtakanda til að setja upp bréfastassa og/eða bréfastarífu þar sem póstuþburður fer fram, stærð þeirra og frágang gilda að öðru leyti ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, eftir því sem við á.

### *Dreifbýli*

Í dreifbýli þar sem bifreiðar eru notaðar við póstdreifingu skal miða staðsetningu bréfastassa við að landpóstur þurfi ekki að stíga út úr bíl sínum við meðhöndlun póstsendinga.

Ef heimreið (héraðsvegur) er allt að 500 metrar skal bréfastassinn vera staðsettur við vegamót tengivega eða stofnvega. Að jafnaði skal bréfastassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi. Ef bréfastassar frá fleiri en einu húsi eru staðsettir við vegamót skulu þeir að jafnaði samsettir í bréfastassasamstæðu.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu bréfastassa.

1. Ef tvö hús eða færri eru að meðaltali á hverja 2000 metra tengivega eða stofnvega.
2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.
3. Þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.
4. Ef aðrar aðstæður hindra eðlilegan akstur, t.d. seinfærir eða hættulegir vegir.

Nái móttakendur póstpjónustu ekki samkomulagi við rekstrarleyfishafa um staðsetningu bréfastassa þegar aðstæður eru með þeim hætti sem fram koma í tölulíðum 1-4 geta móttakendur fengið póst afhentan á afgreiðslustað rekstrarleyfishafa, sem þeir kjósa.

Ef ekki næst samkomulag um staðsetningu bréfastassa og/eða afhendingu póstsendinga á annan hátt getur hvor aðili um sig borið ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 69/2003.

Rekstrarleyfishafi skal senda til Póst- og fjarskiptastofnunar skrá yfir þá viðtakendur póstsendinga, sem falla undir tölulíði 1-4 og gera grein fyrir þeim úrræðum sem valin eru í hverju tilviki.

Að jafnaði skal fara heim að húsi þegar afhenda skal skráðar sendingar.

Viðtakendur póstsendinga í dreifbýli þar sem bréfastassar eru staðsettir við heimreiðar skulu frá og með 1. janúar 2014 bera kostnað af kaupum, uppsetningu og viðhaldi þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um stærð og frágang bréfastassa sem staðsettir eru við heimreiðar.

6. gr.

20. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn skal orðast svo:

*Opnun óskilasendinga.*

Póstrekanda er heimilt að opna óskilasendingar sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda í þeim tilgangi að komast að því hver sendandi eða viðtakandi er.

Eftirfarandi verklag skal viðhaft við opnun óskilasendinga:

1. Póstrekandi skal tilnefna allt að þrjú starfsmenn sem heimild hafa til að opna óskilasendingar.
2. Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun hvaða starfsmenn hafa heimild til þess.
3. Þeir póststarfsmenn sem tilnefndir hafa verið til að opna póst skulu undirrita trúnaðareið og hafa hreint sakavottorð.
4. Aðeins þeir starfsmenn sem tilnefndir hafa verið mega vera viðstaddir opnun óskilasendinga.
5. Póstsendingar og bréf sem eru opnaðar skulu sérstaklega merkt og ástæða fyrir opnuninni skal koma þar fram.
6. Póstrekendum ber, við opnun skráðra póstsendinga, að halda skrá yfir hvenær og hvaða póstsendingar eru opnaðar og af hverjum.
7. Ekki skal skoða innihaldið frekar en nauðsynlegt er til að komast að því hver sendandi eða móttakandi er.

Póst- og fjarskiptastofnun getur kannað hvort ofangreindu verklagi hafi verið fylgt við opnun óskilasendinga.

Ef engar upplýsingar fást um hver sendandi eða móttakandi er skulu sendingar, sem hafa að geyma reiðufé eða aðra muni er meta má til fjár, sendar til Póst- og fjarskiptastofnunar til varðveislu. Gefi réttur eigandi verðmætis sig ekki fram við Póst- og fjarskiptastofnun innan tveggja ára er stofnuninni heimilt að bjóða viðkomandi verðmæti upp og skal andvirði þess renna í ríkissjóð.

Aðrar sendingar skulu geymdar í a.m.k. 2 mánuði en að þeim tíma liðnum skal þeim fargað.

7. gr.

3. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

8. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Um sérstakan frágang og umbúnað sendinga sem valdið geta skaða, smiti eða veikindum skal hafa hliðsjón af reglum Alþjóðapóstbandsins (UPU), Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), Alþjóðasamtaka flugfélaga (IATA) og Alþjóðakjarnokrumálastofnunarinnar (IAEA).

9. gr.

*Gildistaka og heimild*

Reglugerð þessi er sett með stöð í 6. og 35. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Innanríkisráðuneytinu, xx. xxx 2015.*

**Ólöf Nordal**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: xxx